



## Félagsleg húsnæðismál



Markmiðið með þjónustu á sviði félagslegra húsnæðismála er að stuðla að því að íbúðar geti búið við öryggi í húsnæðismálum. Þjónustan er í samræmi við lög um húsnæðismál nr. 44/1998, lög um húsaleigubætur nr. 138/1997 og önnur lög eftir því sem við á hverju sinni. Fjölskyldunefnd fer með málefni húsnæðismála í umboði bæjarstjórnar. Starfsmenn fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar sjá um framkvæmd þjónustunnar.

### Húsaleigubætur

Húsaleigubætur eru greiddar þeim sem leigja íbúðarhúsnæði og eiga þar lögheimili. Húsaleigubætur greiðast einungis vegna íbúðarhúsnæðis. Með íbúðarhúsnæði er átt við fullnægjandi heimilisaðstöðu, þ.e. eitt svefnherbergi ásamt sér eldhúsi og sér snyrtingu.

Miðað er við skráningu um gerð húsnæðis í fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins.

Grunnstofn til húsaleigubóta er 13.500 kr. fyrir íbúð. Að auki bætast við 14.000 kr. vegna fyrsta barns, 8.500 kr. vegna annars barns og 5.500 kr. vegna þriðjabarns. Til viðbótar kom 15% þess hluta leigufjárhæðar sem er á bilinu 20.000 – 50.000 kr. Húsaleigubætur geta mest orðið 46.000 kr. en þó aldrei hærri en 50% af leigufjárhæð.

Tekjur og eignir geta skert upphæð húsaleigubóta. Nánari upplýsingar er að finna í kynningarbæklingi félagsmálaráðuneytisins um húsaleigubætur á [www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/husnaedismal/husaleigubaetur](http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/husnaedismal/husaleigubaetur).

Þar er einnig að finna forrit til að reikna út húsaleigubætur.

### Sérstakar húsaleigubætur

Sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar þeim fjölskyldum og einstaklingum sem eiga í erfiðleikum með að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra erfiðleika. Aðstæður umsækjenda eru metnar út frá ákveðnum viðmiðum, sem tilgreind eru í 2.gr. Sérstakar húsaleigubætur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu vegna samþykktra íbúða á almennum markaði til viðbótar við almennar húsaleigubætur. Almennar og sérstakar húsaleigubætur geta mest orðið 50.000 kr. en þó aldrei herra en 75% af leigufjárhæð. Sjá nánar um tekju og eignamörk á vefsíðu Mosfellsbæjar <http://www.mos.is/samthykk tirogre glur/ husaleigubaeturserstakar>



## Félagsleg húsnæðismál

### Félagslegar leiguíbúðir

Markmið með úthlutun félagslegra leiguíbúða er að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum úrlausn í húsnæðismálum, sem ekki eru færir um það sjálfir. Úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis er einungis ætlað að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn.

Almenn skilyrði fyrir úthlutun leiguíbúða eru:

Umsækjandi skal hafa skráð lögheimili í Mosfellsbæ og hafa verið skráður þar síðastliðna 12 mánuði, þegar umsókn er tekin til afgreiðslu fjölskyldunefndar.

Umsækjandi skal vera í skilum við Mosfellsbæ, stofnanir bæjarfélagsins eða fyrirtæki.

Umsækjandi skal vera innan tekju- og eignamarka samkvæmt reglugerð um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur nr. 873/2001. Tekjumörk eru 3.610.000 kr fyrir einstakling og 5.055.000 kr. fyrir hjón og sambúðaraðila að auki 604.000 kr. fyrir hvert barn að 20 ára aldri. Eignamörk eru 3.897.000 kr.

Félagslegar leiguíbúðir í Mosfellsbæ eru 30. Við úthlutun er tekið tillit til fjölskyldugerðar, heilsufars og vinnugetu, húsnæðisaðstæðna og tekna.

Ef til úthlutunar kemur er gerður húsaleigusamningur til sex mánaða í senn.

Við úthlutun íbúðar skal greiða tryggingagjald sem nemur tveggja mánaða leigu. Leigufjárhæð tekur breytingum mánaðarlega samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Tryggingagjaldið er ætlað til að mæta kostnaði á endurbótum

umfram eðlilegt slit samkvæmt úttekt húsnæðisfulltrúa Mosfellsbæjar.

Við endurnýjun húsaleigusamnings þarf að skila skriflegri áætlun um fjárhagslega stöðu, með það að markmiði að vinna að varanlegri lausn í húsnæðismálum, með því að greiða niður skuldir eða leggja fyrir.

Áður en leigutíma lýkur eru aðstæður leigjanda metnar af starfsmanni fjölskyldusviðs með tilliti til aðstæðna, vanskila og framkvæmd áætlunar.

### Þagnarskylda

Fulltrúar fjölskyldunefndar og starfsmenn fjölskyldusviðs eru bundnir þagnarskyldu um einkamál þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð. Þagnarskyldan helst þrátt fyrir að viðkomandi láti af störfum.

### Áfrýjun

Trúnaðarmálafundur fjölskyldudeildar fjallar um umsóknir um leiguhúsnæði og húsaleigubætur og afgreiðir þær í samræmi við reglur Mosfellsbæjar þar að lútandi. Umsækjandi getur áfrýjað afgreiðslu fundarins til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar. Ákvörðun fjölskyldunefndar sem tekin er á grundvelli laga um húsnæðismál nr. 44/1998 og reglna Mosfellsbæjar, getur umsækjandi áfrýjað til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Nefndin hefur aðsetur í félagsmálaráðuneytinu í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu.

Áfrýjun skal borin fram skriflega innan fjögurra vikna frá því að umsækjandi barst vitneskja um afgreiðslu.



## Félagsleg húsnæðismál

### **Umsóknareyðublöð**

Umsóknareyðublöð eru í þjónustuveri bæjarskrifstofu  
Mosfellsbæjar Þverholti 2, 1. hæð og í íbúagátt  
<https://ibuagatt.mosfellsbaer.is/oneportal/login.aspx>

Nánari upplýsingar veitir þjónustuver í síma 525 6700, þær má  
einnig nálgast á vefsíðu Mosfellsbæjar <http://www.mos.is/>

Ábyrgðarmaður: Unnur V. Ingólfssdóttir